



Stykkishólmi, 20. janúar 2020

Umsögn Náttúrustofu Vesturlands um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, send inn í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2576](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2576))

Mögulega jákvætt skref

Mikilvægt er að efla náttúruvernd á Íslandi og gæti styrking verndaðra svæða verið mikilvægur liður í því. Náttúrustofa Vesturlands er að mestu sammála þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvarpinu um að reynt verði að samræma starfsemi og stjórnun íslenskra náttúruverndarsvæða og tekur undir að þörf sé á því. Verði frumvarpið að lögum gæti það haft ýmislegt jákvætt í för með sér, sé rétt að málum staðið, en í þessari umsögn er þó áherslan á þau atriði sem undirrituð telja að lagfæra þurfi til að gera frumvarpið betra.

Ef eingöngu er litið til hagsmuna Náttúrustofu Vesturlands, er rétt að benda á að frumvarpið gæti mögulega haft neikvæð áhrif á starfsemi hennar og rekstur.

Veiking Náttúrustofu Vesturlands

Lögin hafa það að markmiði að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarða og á landinu öllu (t.d. 3. og 29. gr.). Þetta er göfugt og mikilvægt markmið. Í flestum tilfellum er líklegt að framkvæmd laganna stuðli að þessu markmiði. Í tilfelli verndarsvæðis Breiðafjarðar er þó mögulegt að breytingar samfara samþykkt laganna geti haft öfug áhrif og veiki eina af þeim einingum sem þegar eru fyrir hendi. Gilt hefur samningur á milli umhverfis- og auðlindaráðuneytis annars vegar og Náttúrustofu Vesturlands hins vegar, þar sem Náttúrustofan hefur veitt Breiðafjarðarnefnd þjónustu. Væntingar voru um að þetta verkefni Náttúrustofunnar myndi stækka á komandi árum. Með tilkomu Þjóðgarðastofnunar gæti farið svo að Náttúrustofan missi þennan starfsmann, rekstrargrunnur Náttúrustofunnar veikist og framtíðarmöguleikar til vaxtar skerðist. Í lögnum þyrfti að opna á þann möguleika að gera þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila ef það er talið hagkvæmt fyrir verkefni Þjóðgarðastofnunar.

Það er með öllu óboðlegt að skera frekar niður framlag ríkisins til Náttúrustofu Vesturlands. Á árinu var stigið það jákvæða skref að umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerði tveggja ára samning við Náttúrustofuna um minnarannsóknir. Samningurinn lýsti skilningi á starfseminni og framsýni í rannsóknnum á ágengum tegundum. Ekki verður þó litið fram hjá þróun fjárveitinga til náttúrustofa landsins en þær hafa verið á niðurleið allt frá efnahagshruni, þrátt fyrir gríðarlega efnahagsuppsveiflu á Íslandi síðustu ár. Þetta hefur gerst á sama tíma og fjárveitingar ríkisins til hliðstæðra stofnana hafa



vaxið jafnt og þétt. Sem dæmi má nefna að verðgildi árlegs ríkisframlags til Náttúrustofu Vesturlands var að meðaltali 32% lægra árin 2011-2018 en árin 2005-2008. Skerðingin nemur rekstri eins sérfræðings. Á sama tíma **hækkaði** ríkisframlagið til Náttúrufræðistofnunar Íslands um 26%. Missi Náttúrustofan starfsmann til Þjóðgarðastofnunar er óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um önnur verkefni sem stofan gæti tekið að sér að vinna fyrir ríkið. Ef framangreind rök eru ekki nógu sterk, þá má nefna nýlegan hagvísi sem unninn var fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, sem leiddi í ljós að störf hjá ríkinu eru fæst á Vesturlandi en flest á höfuðborgarsvæðinu, að teknu tilliti til íbúafjölda. Sama skýrsla leiddi í ljós um fjórðungs fækkun ríkisstarfa í Stykkishólmi á milli árána 2013 og 2018.

Í II. gr. kaflans með ákvæðum til bráðabirgða (bls. 18) vantar nafn Náttúrustofu Vesturlands. Starfsmaður hennar sinnir verkefnum Breiðafjarðarnefndar og er eðlilegt að ef af Þjóðgarðastofnun verður og umrætt stöðugildi færast til Þjóðgarðastofnunar, yrði honum boðin ráðning hjá stofnuninni eins og öðrum starfsmönnum sem unnið hafa í tengslum við friðlýst svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar og Þingvallabjóðgarðs.

Aðrar athugasemdir:

Markmið með stofnun þjóðgarðs

Í 3. grein eru ágæt markmið með stofnun þjóðgarðs, nema hvað í 5. tölulið þeirrar greinar er talað um að „hvetja til sjálfbærrar nýtingar“ innan þjóðgarðsins. Það er afar veikt orðalag, því varla er gert ráð fyrir að nokkur ósjálfbær nýting verði leyfð innan þjóðgarðs. Nauðsynlegt er að **tryggja** að öll nýting verði sjálfbær (ekki bara hvetja til þess). Þetta þarf að orða með skýrari hætti en nú er og jafnframt taka fram að ósjálfbær nýting verði aldrei leyfð í þjóðgörðum, enda gangi það gegn hugmyndafræði þeirra og tilgangi.

Stjórnskipulag

Við vinnslu frumvarpsins hefur það orðið ítarlegra en um leið á köflum ansi flókið og textinn tyrfinn. Þetta á hvað helst við um þann hluta frumvarpsdraganna sem fjalla um stjórnskipulag hins nýja kerfis. Kerfið einkennist bæði af aukinni miðstýringu (allt fært undir einn hatt) en líka mikilli valddreifingu. Fram kemur að þetta skipulag taki mið af stjórnun Vatnajökulsþjóðgarðs en engu að síður lítur stjórnskipulagið afar þunglamalega út þegar það er útfært á svo mörg svæði og eru boðleiðir innan kerfisins langar. Æskilegt væri að reyna að stytta þær en einnig væri gagnlegt að setja stjórnskipulagið fram á myndrænan hátt. Jafnframt þarf að tryggja betur en í núverandi drögum að fagþekking á sviði náttúrufræða og náttúruverndar verði til staðar í stjórnnum og umdæmisráðum.

Þjóðgarðar í sjó og byggð

Frumvarpsdrögin virðast aðeins gera ráð fyrir stofnun þjóðgarða á landi, og reyndar eingöngu í dreifbýli. Þessu þarf að breyta, því ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að láta þjóðgarð ná utan um þéttbýli eða út í sjó, ef ástæða þykir til, en líklegt er að leikreglurnar þurfi í einhverjum tilfellum að vera aðrar.



Aðeins lítið brot af hafsvæðum jarðar eru friðlýst og á það ekki síst við um grunnsævi, þar sem er að finna stóran hluta lífmagns og líffræðilegrar fjölbreytni. Á heimasíðu OSPAR má t.d. sjá að Ísland hefur skilgreint 14 hafverndarsvæði sem samtals þekja um 0,1% af hafsvæði Íslendinga. Þetta er bæði að hlutfalli og flatarmáli minna en nokkur önnur þjóð sem aðild á að samningnum. Rætt hefur verið um þann möguleika að stofna þjóðgarð í Breiðafirði, enda gríðarlega mikilvægt grunnsævisvæði. Setja þarf skýrar leikreglur um þjóðgarð af þessu tagi, sem tækju t.d. á eignarhaldi og nýtingu lífrænna auðlinda. Sem dæmi má nefna að ákvæði í 29. gr. um að óheimilt sé að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði án samnings við Þjóðgarðastofnun yrði þungt í vöfum í þjóðgarði í sjó, ef leyfa ætti sjálfbæra nýtingu innan hans. Ákvæðið virðist fyrst og fremst eiga við um þjónustutengda starfsemi í þjóðgörðum á landi.

Mikilvægt er að skrifa kafla sem myndar ramma utan um mögulega þjóðgarða í sjó og nær yfir þéttbýliskjarna og yfirfara annan texta frumvarpsdraganna með þetta í huga.

Eignarhald lands

Fyrir stofnun þjóðgarðs er auðvitað mjög æskilegt að ná samkomulagi við alla landeigendur viðkomandi svæðis (8. gr.). Vandamál hafa þó alltof oft komið upp, þar sem fáeinir einstaklingar í stórum hópi landeiganda einstakra jarða hafa komið í veg fyrir vilja meirihlutans. Þessu er nauðsynlegt að breyta og að láta vilja meirihluta eigenda einstakra jarða ráða frekar en að hver hluthafi hafi neitunarvald. Þetta getur sérstaklega orðið vandamál þar sem eignarhald lands erfist kynslóðum saman og eigendur einstakra jarða eru orðnir tugir eða hundruð.

Starfslið á friðlýstum svæðum

Í 21. gr. er kveðið á um þjóðgarðsverði og starfssvið þeirra. Hvað með starfslið á öðrum vernduðum svæðum? Til að fylgja eftir lagalegri vernd stórra svæða, t.d. Breiðafjarðar, er nauðsynlegt að svæðið hafi starfslið til fræðslu, eftirlits og stjórnunar þótt ekki sé um þjóðgarð að ræða.

Stjórnunar- og verndaráætlanir

Í 23. gr. kemur fram að vinna skuli stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarð. Hvað með önnur vernduð svæði? Æskilegt er að vinna slíka áætlun fyrir öll verndarsvæði, sbr. fyrirbyggjandi verndaráætlanir fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar og fjölmörg friðlýst svæði á vegum Umhverfisstofnunar.

Óheppilegt heiti

Heitið Þjóðgarðastofnun nær aðeins yfir hluta af fyrirhugaðri starfsemi nýrrar stofnunar og verður þess vegna vonandi fundið betra og meira lýsandi heiti á hana.

Vatnajökulsþjóðgarður

Athygli vekur er að ekki er minnst á Vatnajökulsþjóðgarð fyrr en í 41. grein frumvarpsdraganna. Þetta er afar óeðlilegt, bæði í ljósi þess að um er að ræða stærsta þjóðgarð Íslands en líka að stjórnskipulag hinnar nýju stofnunar tekur mið af honum. Vegna þessa er við lesturinn lengi vel óljóst hvort Vatnajökulsþjóðgarður falli undir hina nýju stofnun eða ekki. Þetta er sérstaklega áberandi vegna



Náttúrustofa Vesturlands

Þess að fjallað er sérstaklega um hina þjóðgarðana í greinum 4-6. Þar er nauðsynlegt að bæta við grein um Vatnajökulsþjóðgarð.

Virðingarfyllt,

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður
Náttúrustofu Vesturlands

Menja von Schmalensee, sviðsstjóri
Náttúrustofu Vesturlands

